

Lykilþáttur	Við lok 6. bekkjar getur nemandi;
TJÁNING OG MIÐLUN	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt • verið virkur hlustandi, meðtekið upplýsingar og rökstutt mál sitt á einfaldan hátt • lagað framsetningu sína að umræðuefni og notað viðeigandi hugtök og orðaforða • miðlað skýrt eigin þekkingu, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<ul style="list-style-type: none"> • sett fram einfalda áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna án aðstoðar • búið til viðmið sem hjálpa til að bæta eigin árangur í námi • lært af mistökum og nýtt sér niðurstöður við úrlausn verkefna á skapandi hátt • skoðað upplýsingar á gagnrýnan hátt og stutt skoðanir sínar með einföldum rökum • greint og kynnt hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum • gert sér grein fyrir styrk sínum í leik og námi og byggt upp jákvæða sjálfsmynd • unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla á jákvæðan hátt • gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og verið virkur félagslega • haft áhrif á skólasamfélagið sitt með virkri þátttöku í leik og starfi • tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt með stuðningi

NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	<ul style="list-style-type: none">• notað fleiri en eina upplýsingaveitu við upplýsingaöflun og borið saman upplýsingar• notað margvíslega miðla við öflun gagna og til stuðnings við nám• sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga, hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu, og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	<ul style="list-style-type: none">• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér þá í námi• sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim að mestu leyti• skipulagt með leiðsögn eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.